

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí 2010

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu sjö mánuði ársins 2010 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 75,6 ma.kr. en var neikvætt um 91,2 ma.kr. á sama tímabili 2009. Tekjur reyndust um 34,2 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan að gjöldin jukust um 9,4 ma.kr. milli ára.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júlí 2006-2010

	Í milljónum króna				
	2006	2007	2008	2009	2010
Innheimtar tekjur	215 509	252 998	264 163	226 744	260 959
Greidd gjöld	178 257	203 826	237 062	308 636	318 084
Tekjujöfnuður	37 252	49 172	27 101	-81 892	-57 124
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-6 136	- 53	-	-
Breyting rekstrartengda eigna og skulda	- 752	-5 248	- 201	-9 342	-18 515
Handbært fé frá rekstri	36 500	37 788	26 847	-91 234	-75 639
Fjármunahreyfingar	-2 383	-60 165	8 603	9 986	-32 036
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	34 116	-22 377	35 450	-81 248	-107 675
Afborganir lána	-35 088	-26 465	-37 941	-72 736	-136 252
Innanlands	-12 215	-12 266	-22 656	-72 736	-72 776
Erlendis	-22 873	-14 199	-15 285	-	-63 476
Greiðslur til LSR og LH	-2 310	-2 310	-2 310	-	-
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	-3 282	-51 152	-4 801	-153 984	-243 927
Lántökur	19 735	43 292	103 376	144 011	254 903
Innanlands	12 262	40 171	77 775	136 585	121 945
Erlendis	7 473	3 121	25 601	7 425	132 958
Breyting á handbæru fé	16 453	-7 860	98 575	9 973	10 976

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu sjö mánuðum ársins námu 261 ma.kr. sem eru 17,3 ma.kr. meiri tekjur en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Frávikið stafar að mestu af hagnaði ríkissjóðs af samkomulagi um kaup á íslenskum skuldabréfum af Seðlabankanum í Lúxemborg (sjá nánari umfjöllun í Greiðsluafkomu ríkissjóðs janúar-júní). Skatttekjur og tryggingagjöld námu 28,1 ma.kr. í júlímánuði og 224 ma.kr. alls á fyrstu sjö mánuðum ársins, sem er 13,7% aukning að nafnvirði á milli ára. Þetta er nánast sama fjárhæð og reiknað hafði verið með í tekjur fyrir þetta tímabil, eða 0,2% yfir tekjuáætlun fjárlaga.

Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga námu alls 51,3 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins og er það aukning um 10,5% frá sama tíma í fyrra en 5,8% undir tekjuáætlun fjárlaga. Fyrirframgreiðsla á tekjuskatti lögaðila nam 7,1 ma.kr. sem er samdráttur upp á 22,5% frá fyrra ári en 1,1% undir áætlun. Þá nam skattur af fjármagnstekjum 20,3 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins en áætlunin gerði ráð fyrir 22,2 ma.kr. Gjaldtagi


staðgreiðsluskylds fjármagnstekjuskatts af fjármagnstekjum fyrir 2. ársfjórðung var í júlí, en eindaginn er í ágúst og mun því stór hluti fjármagnstekjuskattsins skila sér þá. Minna má á að þar sem ársfjórðungsskilin voru tekin upp á miðju sl. ári og skatthlutfallinu hefur einnig verið breytt, eru innheimtutölur janúar-júlí ekki sambærilegar við fyrra ár. Innheimta eignarskatta var 2,5 ma.kr. og dróst saman um 14,1% frá fyrra ári. Þar af námu stimpilgjöld 1,5 ma.kr., en sá tekjustofn dróst saman um 18%.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí 2008-2010

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2008	2009	2010	2008	2009	2010
Skatttekjur og tryggingagjöld	240 703	197 104	224 014	5,5	-18,1	13,7
Skattar á tekjur og hagnað	95 186	84 334	78 722	9,9	-11,4	-6,7
Tekjuskattur einstaklinga	53 764	46 453	51 320	7,0	-13,6	10,5
Tekjuskattur lögaðila	15 418	9 161	7 095	5,6	-40,6	-22,5
Skattur á fjármagnstekjur	26 004	28 721	20 307	19,3	10,4	-29,3
Eignarskattar	5 082	2 874	2 469	-20,6	-43,4	-14,1
Skattar á vöru og þjónustu	111 075	83 722	102 545	2,8	-24,6	22,5
Virðisaukaskattur	79 607	56 403	69 652	4,2	-29,1	23,5
Vörugjöld af ökutækjum	5 940	1 192	944	1,7	-79,9	-20,8
Vörugjöld af bensíni	5 157	5 844	6 578	-3,0	13,3	12,6
Skattar á olíu	4 032	3 636	3 738	4,3	-9,8	2,8
Áfengisgjald og tóbaksgjald	6 768	7 653	8 369	1,4	13,1	9,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	9 571	8 994	13 264	-3,7	-6,0	47,5
Tollar og aðflutningsgjöld	3 878	2 776	3 740	18,9	-28,4	34,7
Aðrir skattar	1 532	1 708	2 078	33,9	11,4	21,7
Tryggingagjöld	23 949	21 690	34 459	6,3	-9,4	58,9
Fjárframlög	207	350	320	-63,1	68,8	-8,4
Aðrar tekjur	21 053	29 174	17 181	20,0	38,6	-41,1
Sala eigna	2 200	426	19 445	-	-	-
Tekjur alls	264 163	227 054	260 959	4,4	-14,0	14,9

Innheimta almennra veltuskatta nam 102,5 ma.kr. frá janúar til júlí sem er 22,5% nafnaukning frá sama tíma árið 2009. Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal er aukningin 25% umfram almenna verðlagshækkun (sjá mynd). Þess ber þó að gæta að hér er um að ræða aukningu innheimtunnar en ekki mælingu á undirliggjandi skattstofni.

**Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkarnir hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Virðisaukaskattur er stærsti hluti veltuskattanna og skilaði hann ríkissjóði 69,7 ma.kr. í janúar-júlí sem er 23,5% aukning að nafnvirði á milli ára og 9,4% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur í júlímánuði einum nam 11 ma.kr. en hann kemur að mestu af innflutningi í mánuðunum maí og júní. Fyrir utan virðisaukaskatt eru vörugjöld af bensíni og olíu, áfengi og tóbaki stærstu liðir óbeinu skattanna. Vörugjöld af bensíni jukust um 12,6% frá fyrra ári og vörugjöld af olíu um 8,5%. Þessir liðir voru annars vegar 2,4% og hins vegar 3,2% undir tekjuáætlun. Tekjur af áfengisgjaldi jukust um 9,2% frá sama tíma í fyrra og tekjur af tóbaksgjaldi um 9,6% en skattstofnarnir drógust aftur á móti saman um 7,7% (áfengislítrar) og 14,5% (sígarettur). Tekjur af áfengisgjaldi voru 2,9% minni en gert hafði verið ráð fyrir í tekjuáætlun fyrir fyrstu sjö mánuði ársins og af tóbaksgjaldi 4,8% minni. Aðeins tveir liðir veltutengdra skatta hafa skilað ríkissjóði minni tekjum í krónum talið í ár en í fyrra. Annars vegar er 28,6% samdráttur tekna af kílómetragjaldi og hins vegar 20,8% samdráttur vörugjalda af ökutækjum. Kílómetragjaldið var lækkað um 20% í lok maí árið 2009 sem skýrir samdráttinn að miklu leyti. Þá er gengi íslensku krónunnar sterkara fyrstu sjö mánuði ársins en á sama tíma árið 2009 og reiknast því vörugjöld af ökutækjum á lægri stofn í ár þrátt fyrir töluverða aukningu í nýskráningum bíla.

Tekjur af tryggingagjaldi eru 58,9% meiri en á sama tíma í fyrra. Skýring þessarar miklu aukningar er sú að hluti atvinnutryggingagjaldsins í tryggingagjaldinu var hækkaður á miðju ári 2009 úr 0,65% í 2,21% og aftur í byrjun árs 2010, upp í 3,81%, auk þess sem ábyrgðargjald launa var hækkað úr 0,10% í 0,25% í tveimur skrefum. Skil tryggingagjalds í júlí eru að mestu vegna launa júnímánaðar og má áætla að skattstofninn hafi dregist saman um 0,7% í krónum talið á fyrri helmingi ársins miðað við sama tímabil 2009. Samdráttur skattstofnsins miðað við fyrra ár hefur varað allt frá því í árslok 2008 en fer nú minnkandi.

Af einstökum sköttum er tryggingagjaldið þriðji stærsti tekjustofn ríkissjóðs á tímabilinu janúar til júlí 2010, á eftir virðisaukaskatti og tekjuskatti einstaklinga.

Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu 3,7 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins og jukust um 34,7% frá sama tíma í fyrra. Aðrar tekjur ríkissjóðs (aðrar en skatttekjur, fjárframlög og eignasala) námu 17,2 ma.kr. Hér er einkum um að ræða vaxtatekjur og tekjur af sölu vöru og þjónustu. Tekjur af sölu eigna í janúar-júlí námu 19,4 ma.kr. sem er 19,1 ma.kr. umfram tekjuáætlun, enda var í henni ekki gert ráð fyrir hagnaði ríkissjóðs af áðurnefndu samkomulagi um kaup á íslenskum skuldabréfum af Seðlabankanum í Lúxemborg og sölu sendiherrabústaðar sem bókfærður var í júní sl. (sjá nánari umfjöllun í Greiðsluafkomu ríkissjóðs janúar-júní).

Greidd gjöld námu 318,1 ma.kr. og jukust um 9,4 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 3,1%. Útgjöldin voru hins vegar verulega undir fjárheimildum tímabilsins eða 6,6%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára sem skýrist meðal annars af eðli málaflokkanna en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er hér að neðan. Ef áhrif aukningar vaxtagjalda ríkissjóðs á milli ára eru undanskilin drógust greidd gjöld ríkissjóðs saman milli ára um 6,6 ma.kr.

Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 16,4 ma.kr. milli ára sem er mesta breyting á einstökum fjárlagalið. Vaxtagjöldin voru hins vegar lægri en áætlanir ársins gerðu ráð fyrir. Útgjöld til menntamála jukust um 2,6 ma.kr. á milli ára en eru 517 m.kr. innan áætlana. Mest jukust útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða um rúma 2 ma.kr. Þá jukust útgjöld til Háskóla Íslands um 711 m.kr. milli ára en útgjöld til framhaldsskóla drógust saman um 381 m.kr. Óregluleg útgjöld jukust um 1 ma.kr. milli ára og eru jafnframt 1,8 ma.kr. umfram áætlanir. Þessi umframútgjöld skýrast að stærstu leyti af útgjöldum vegna ríkisábyrgða en ríkissjóður hefur þurft að greiða útgjöld vegna ábyrgða og lána tengdum fjármálakerfinu. Þá fellur greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs undir óregluleg útgjöld og drógust þau útgjöld saman milli ára um 496 m.kr. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 838 m.kr. á milli ára þar sem útgjöld vegna jöfnunarsjóðs sveitarfélaga jukust um 1,5 ma.kr. milli ára, sem er í samræmi við áætlanir en aðflutningsgjöld af útflutningi notaðra ökutækja drógust saman um 275 m.kr. og útgjöld vegna fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll um 500 m.kr. Útgjöld til umhverfisverndar jukust um 208 m.kr. milli ára en eru þrátt fyrir það 663 m.kr. undir áætlunum. Uppbygging í Vatnajökulsþjóðgarði skýrir þessa aukningu milli ára að mestu leyti. Útgjöld til Varnarmála jukust um 14 m.kr. milli ára en eru 108 m.kr. undir áætlunum. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála jukust um 12 m.kr. milli ára og eru nokkurn veginn í takt við áætlanir.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála drógust mest saman milli ára eða um 3,5 ma.kr. Jafnframt eru útgjöld til þess málaflokks 5,4 ma.kr. undir áætlunum. Þarna munar mestu um nokkra stofnkostnaðarliði svo sem útgjöld til framkvæmda Vegagerðarinnar sem drógust saman um 2,3 ma.kr. á milli ára. Einnig má nefna flugvelli og flugleiðsöguþjónustu þar sem útgjöld drógust saman um 996 m.kr., Fjarskiptasjóð 421 m.kr. og Hafnabótasjóð 318 m.kr. Framlög til þessara liða voru lækkuð nokkuð milli ára en einnig hafa ákveðnar framkvæmdir færst til innan ársins. Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála drógust saman um

3,4 ma.kr. milli ára og eru jafnframt rúma 2 ma.kr. innan áætlana. Þarna munar langmest um fjárfestingar landhelgissjóðs en á árinu 2009 voru mikil útgjöld vegna kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og nýju varðskipi. Þá hefur afhending nýs varðskips tafist vegna skemmda sem urðu á skipasmíðastöðinni vegna mikilla jarðskjálfta í Chile. Útgjöld til heilbrigðismála drógust saman um 1,8 ma.kr. milli ára en eru í takt við það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til Landspítala drógust saman um 1,5 ma.kr. milli ára sem er í takt við þá hagræðingarkröfu sem gerð var, en stofnunin hefur verið rekin innan fjárheimilda á árinu 2010 sem er breyting til batnaðar frá undanförunum árum. Útgjöld til menningar-, íþrótt- og trúmála drógust saman um 1,8 ma.kr. milli ára og eru jafnframt tæpum 800 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til viðhalds og stofnkostnaðar menningarstofnana drógust saman um 363 m.kr. og framlög á ýmsum safnliðum um 572 m.kr. Útgjöld stofnana málaflokksins drógust saman um 355 m.kr. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála drógust saman um 1,1 ma.kr. milli ára en eru 6,4 ma.kr. undir áætlunum ársins. Útgjöld lífeyrstrygginga drógust saman um 2,5 ma.kr. milli ára en á móti eru útgjöld vegna vaxtabóta 2,5 ma.kr. hærrí. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru 683 m.kr. lægri en á árinu 2009 og útgjöld vegna fæðingaorlofs 471 m.kr. lægri.

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí 2008-2010

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2008	2009	2010	2009	2010
Vaxtagreiðslur	11 696	34 060	50 433	191,2	48,1
Almenn opinber þjónusta	24 003	24 346	25 184	1,4	3,4
Varnarmál	684	891	905	30,3	1,5
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	11 545	13 687	10 272	18,6	-24,9
Efnahags- og atvinnumál	34 185	36 910	33 419	8,0	-9,5
Umhverfisvernd	2 229	2 430	2 638	9,0	8,6
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	308	365	377	18,4	3,3
Heilbrigðismál	58 817	66 428	64 604	12,9	-2,7
Menningar- íþrótt- og trúmál	10 156	11 355	9 596	11,8	-15,5
Menntamál	25 593	28 330	30 973	10,7	9,3
Almannatryggingar og velferðarmál	52 881	81 516	80 383	54,2	-1,4
Óregluleg útgjöld	4 964	8 317	9 301	67,5	11,8
Gjöld alls	237 062	308 636	318 084	30,2	3,1

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 107,6 ma.kr. þar sem handbært fé frá rekstri var neikvætt um 75,6 ma.kr. og fjármunahreyfingar neikvæðar um 32 ma.kr. Er það 26,4 ma.kr. verri staða en á sama tíma í fyrra. Stærstu hreyfingar undir fjármagnsjöfnuði voru annars vegar 74,6 ma.kr. kaup ríkissjóðs á skuldabréfum Avens B.V. í Lúxemborg og hins vegar 56,9 ma.kr. lækkun á veittu gjaldeyrisforðaláni til Seðlabankans eftir að ríkissjóður keypti upp samsvarandi skuldir vegna lána á gjalddaga 2011. Avens B.V. í Lúxemborg var stærsti einstaki eigandi krónueigna utan Íslands og eru kaupin gerð í því skyni að draga úr áhættu vegna erlendra krónueigna. Ríkissjóður hefur

jafnframt gengið frá samningi um sölu meirihluta þessara eigna til lífeyrisjóða gegn greiðslu í evrum að jafnvirði 88 ma.kr.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 136,3 ma.kr. Um 72,8 ma.kr. eru vegna innlendra skulda, aðallega vegna innlausnar ríkisbréfa á gjalddaga í mars sl. Um 63,5 ma.kr. eru vegna uppkaupa ríkissjóðs á skuldabréfum í evrum sem eru á gjalddaga 2011 og 2012. Heildar lánsfjárförf ríkissjóðs nam því 243,9 ma.kr.

Lántökur námu 254,9 ma.kr. Innlendar lántökur námu 121,9 ma.kr. þar sem seld voru óverðtryggð ríkisbréf fyrir 103,5 ma.kr. og verðtryggð ríkisbréf fyrir 26,7 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði um 8,2 ma.kr. Erlendar lántökur námu 133 ma.kr. þar sem um 75,4 ma.kr. voru frá samstarfsþjóðum sem hluti af áætlun stjórnvalda, í samstarfi við AGS, um að koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Einnig gaf ríkissjóður út skuldabréf í evrum, að jafnvirði um 64 ma.kr., í tengslum við áðurnefnd kaup ríkissjóðs á skuldabréfum Avens B.V. Handbært fé ríkissjóðs í Seðlabanka jókst um 11 ma.kr.